

KIRKJUGARÐARÁÐ

78. fundur haldinn 1. mars 2010 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestir fundarins voru: Guðmundur Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri Kirkjuráðs, Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri og Birkir Einarsson landslagsarkitekt.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:15. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt með smálagfæringum.

2. Fjárhagsáætlun Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2010

Sigríður Dögg Geirsdóttir kynnti. Sjóður í árslok 2009, sem er rúmar tólf milljónir, er þannig til kominn að þetta er uppsafnaður grafarsjóður frá 2007 sem ætlaður er til greiðslu grafarstyrkja. Rekstraráætlun Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2010 samþykkt.

3. Staðfesting á úthlutun úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2010

Úthlutunin vegna ársins 2010 var staðfest.

4. Kynning á nýju sálhliði við Gufuneskirkjugarð

Guðmundur Rafn Sigurðsson og Þórsteinn Ragnarsson kynntu. Hliðið er sjálfvirkt rafmagnshlið sem opnast kl. 7 að morgni og lokast kl. 9 að kvöldi. Það verður við innkeyrsluna við þjónustuhúsið. Við hliðið verður gömul skipsklukka. Kirkjugarðaráð samþykkti fyrir sitt leyti framkvæmdina.

5. Kynning á endurskipulagi kirkjugarðs á Siglufirði

Birkir Einarsson landslagsarkitekt kynnti og fór yfir hugmyndir að endurbótum og stækkun garðs. Garðurinn er utan við bæinn, við Ráeyrarveg. Leist ráðinu vel á þessar hugmyndir og samþykkti þær fyrir sitt leyti.

6. Næsti fundur

Verður haldinn 12. apríl.

7. Önnur mál

Guðmundur Þór Guðmundsson kynnti verkefni sem snýr að þinglýsingum kirkna, og gengur út á þinglýsa fasteignum í eigu viðkomandi sókna á sóknina. Stórt verkefni sem tengist um 300 kirkjum og mun taka nokkur ár. Tengist einnig garðaumsýslu þar sem málefni kirkju og kirkjugarðs skarast. Lóð kirkju sem er innan kirkjugarðs nær 1,5 m út fyrir kirkju. Kristín Huld lætur minjaverði vera í sambandi við fasteignasvið Biskupsstofu til að tryggð sé varðveisla friðlýstra

fornleifa og fornleifa eldri en 100 ára í þessu ferli. Ýmsar upplýsingar um verkefnið eru á vefnum kirkjan.is.

Valtýr vildi koma því á framfæri að hann teldi réttara að stofna kirkjugarða almennt sem landspildu án byggingarreits. Ef kirkja stendur innan garðs má stofna lóð fyrir kirkjuna sem hefði sinn byggingarreit. Hann telur að landspilda hafi lægra fasteignamat en skipulögð lóð með byggingarreit, og væru það í sjálfu sér hagsmunir sóknar og kirkjugarðs. Hann sér engan hag í því fyrir sóknir að hafa fasteignamat þess lands sem lagt er undir kirkjugarð hærra en nauðsynlegt er. Hann vill því gera skýran greinarmun á landspildu og lóð.

Fundi slitið kl. 16:10.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari